

**Ed.**

**387. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 12 1. febr. 1936, um búreikningaskrifstofu ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

**1. gr.**

2. gr. laganna orðist þannig:

Ríkissjóður skal endurgreiða Búnaðarfélagi Íslands kostnað við búreikningaskrifstofuna, þar á meðal til útgáfu búreikningaskýrsla og eyðublaða til innfærslu búreikninga, en þó má sá kostnaður ekki fara fram úr 5000 krónum á ári.

**2. gr.**

4. gr. laganna orðist þannig:

Skólabúum bændaskólanna og öðrum ríkisstofnunum, er reka landbúnað, er skylt að færa búreikninga eftir fyrir-mælum búreikningaskrifstofunnar og þeim fyrir-myndum, sem hún segir fyrir um. Búreikninga þessa með fylgiskjölum, eða afrit af þeim, skal senda búreikningaskrifstofunni til athugunar eftir lok hvers reikningsárs. Athugasemdir þær, er hún kann að gera við reikninga þessa, skal senda landbúnaðarráðuneytinu, sem gerir ráðstafanir til, að því verði þegar komið í lag, sem kann að reynast ábótavant samkvæmt þeim.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.